



Skrifstofa borgarstjórnar
Ráðhúsi Reykjavíkur
Tjarnargötu 11,
101 REYKJAVÍK

Reykjavík, 24. ágúst 2020
Tilvísun: 2020070326/25.24

Efni: Svar Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Miðflokksins um mengunarmælingar á skotsvæðinu í Álfsnesi - R2007146

Vísað er til erindis skrifstofu borgarstjórnar dags. 24. júlí s.l. þar sem óskað er umsagnar um fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Miðflokksins í borgarráði frá 23. júlí s.l. um mengunarmælingar á skotsvæðinu í Álfsnesi.

Fyrirspurnin er:

1. Hvað líður mengunarmælingum á skotsvæðinu í Álfsnesi sem Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur átti að fara í snemmsumars? 2. Eru komnar einhverjar niðurstöður?

Svar:


1. Fyrirhugaðar eru hljóðmælingar og rannsókn á blýmengun sem munu fara fram í lok ágúst og byrjun september. Vinna við mælingarnar hefur tafist en verkáætlun liggur nú fyrir og mælingar að hefjast.

Hljóðmælingar: Hljóðmælt verður á nokkrum völdum stöðum en einnig verða settir upp siritandi hljóðmælar til að fylgjast með hávaða yfir lengra tímabil. Beðið er eftir að fá mælana úr kvörðun til að geta hafið mælingar.

Rannsókn á blýmengun: Settir verða út reitir á völdum stöðum í fjöru á stórstreymisfjöru og m.a. athugaður fjöldi hagla og hlutfall milli stál og blýhagla. Að þessu loknu verður athugað hvort gera þarf frekari rannsóknir og metið hvort grípa þarf til aðgerða s.s. að banna notkun blýhagla.

2. Niðurstöður liggja ekki fyrir.

Virðingarfyllst
f.h. Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur


Rósa Magnúsdóttir
deildarstjóri Umhverfiseftirlits